

24. júní 1977.

187

Nr. 52.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 24. júní 1977.

Geir Hallgrímsson.

Guðmundur Benediktsson.

28. júní 1977.

Nr. 53.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherrann hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn bæri til að setja lög um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum, sem undirritaðir voru þann 22. júní 1977, þannig að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1977:

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til upp-bótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingur	180 000
Hjón	252 000

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört í Reykjavík 28. júní 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Bjarnason.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir
Háskóla Íslands nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 27. júní 1977 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

32. gr. C orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 6 500 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 3 500 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2 000 krónur, en 1 000 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemandur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Árni Gunnarsson.